



Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur, 3. maí 2022

Fundur: 3. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Salur ÍSí Engjavegi og Zoom

Mætt:

Aðalstjórn: Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Auður Árnadóttir~~, Bergþóra Guðjónsdóttir, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson.

Varastjórn: ~~Björgvin Víkingsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.~~

Starfsmenn: ~~Guðmundur Karlsson, Íris Berg Bryde~~

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi.

Fundarboðun samþykkt. Engin rafrænt afgreidd erindi.

Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi (BG)

2. Afmælistmót FRÍ

Almennt farið yfir stöðu á undirbúningi mótsins. Skrifstofa ber ábyrgð á skipulagningu, studd af varaformanni. Unnið þétt með Árborg og Umf. Selfoss varðandi skipulag. Varaformaður tilkynnti um öflugan samstarfsaðila og bakhjarl mótsins.

Farið yfir stöðu á gestalista og heiðrunum. Þarf að gæta að því að það sé í samræmi við önnur störf orðunefndar. Einnig sú hugmynd að Ólympíufarar fái annars konar viðurkenningu. Mikilvægt að ljúka þessari vinnu sem fyrst.

Áfram verður unnið að keppendalista og horft til bæði fatlaðra og ófatlaðra keppenda.

3. FRÍdagurinn (FÓ o.fl.)

Ítrekun var send út í morgun. Vantar þó töluvert upp á skráningar. Stjórnarmenn, sem mögulega geta, mæta. Haukur verður með kynningu varðandi stefnumótun FRÍ og World Athletics. Bergþóra og Aðalbjörg verða með kynningu á niðurstöðum umræðuhópa þings.

Umræður um að mikilvægt sé að inni í stefnu komi hlutverkaskipting innan hreyfingar, hvar er ábyrgð skrifstofu, stjórnar og félaga. Í stefnunni er einnig mikilvægt að taka tillit til ólíkra aðstæðna félaga, m.a. með tilliti til stærðar. Einnig samþykkt að leggja áherslu á skýr verkefni.

4. Héraðssambönd, nefndir og tengiliðir (FÓ)

Umræður og vísað í viðhengi varðandi tengingar við héraðssambönd. Einhverjar breytingar verða á tengiliðum miðað við fyrstu tillögur. Formaður uppfærir skjalið. Umræður um mikilvægi þess að tengjast héraðssamböndunum betur og styrkja við þau eins og hægt er. Verkefni tengiliðs er að þekkja sitt samband, starfið þar, aðstæður og helstu leiðtoga.

Mikilvægt að tengiliðir séu virkir í samskiptum við sínar nefndir. Stjórnarmenn settu fram óskir og mun formaður skrá það. Hlutverk tengiliðs er að þekkja nefnd, hennar hlutverk, verkefni og nefndarfólk. Þá skal tengiliður vera formanni nefndar innar handar varðandi mönnun nefnda.

5. Hlaupaverkefnið

Samþykkt að skipa þriggja manna starfshóp stjórnar varðandi hlaupmálefni, undir forsæti formanns, sem fundi með langhlaupanefnd á næstu dögum. Mikilvægt að tengja saman FRÍ-vottun og hlaupapassa - og skilgreina nákvæmlega hvernig þessu skal háttað.

6. Stóru málin - Asana og yfirsýn

Farið stuttlega yfir stöðu helstu mála á Asana.

7. Önnur mál

Umfjöllun um að skráningar og skráningarnefnd. Talað um að því verkefni ljúki 2023.

Unnið að nýju útbreiðsluverkefni í samstarfi við UMSK, nánar síðar.

Afreksúthlutun - farið í stuttu máli yfir afreksstefnu FRÍ, hvernig hún er byggð upp og hvernig úthlutun er háttað.

Tekið jákvætt í erindi langhlaupanefndar varðandi landsliðsverkefni hennar, heimsmeistaramót í utanvegahlaupum - samþykkt að veita styrk til verkefnisins.